

## Stöðugur rekstur

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2021 var lagður fram í dag.

**Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti segir verkefni og rekstur vera á áætlun og fyrirsjáanleiki í reglu- og lagaumhverfi vera lykilþátt í fjármögnun.**

„Við hjá Landsneti höfum náð að halda rekstri á áætlun á árinu og framkvæmdir ganga vel þrátt fyrir áskoranir í rekstrarumhverfinu. Í júní var skrifað undir lánveitingu við Norræna fjárfestingabankann að fjárhæð 50 milljóna Bandaríkjadala og áhugavert er að segja frá því að framkvæmdir okkar í flutningskerfinu falla að öllu leyti undir viðmið bankans um mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Lánveitendur hafa sýnt okkur mikið traust í verkefnafjármögnun, þar sem við fengum betri kjör en áður. Það traust byggir annars vegar á árangri sem við höfum náð í aukinni skilvirkni í rekstri og framkvæmdum og hins vegar á stöðugu lagaumhverfi. Við höfum séð það skýrt að fyrirsjáanleiki og stöðugleiki í regluverkinu sem snýr að fjármálum fyrirtækisins eru meðal þátta sem lánveitendur kunna að meta og hafa áhrif á fjármögnunarkjör. Þessir þættir hafa verið í lagi undanfarin ár og það er að skila sér nú til okkar“.

### Helstu atriði árshlutareiknings:

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 16,5 m. USD (2.029,6 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2021 samanborið við 16,3 m. USD (2.011,8 millj.kr) á sama tímabili árið 2020. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)<sup>1</sup> nam 28,7 m. USD (3.534,6 millj.kr) samanborið við 22,0 m. USD (2.708,0 millj.kr) árið áður.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 950,2 m. USD (117.081,4 millj.kr) samanborið við 911,4 m. USD (112.307,4 millj.kr) í lok árs 2020. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 541,8 m. USD (66.762,0 millj.kr) samanborið við 506,6 m. USD (62.422,0 millj.kr) í lok árs 2020. Sótt var fjármögnun til Norræna fjárfestingabankans í júní að fjárhæð 50 m. USD.

Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 43,0% samanborið við 44,4% í lok ársins 2020. Eigið fé í lok tímabilsins nam 408,4 m. USD (50.319,5 millj.kr) samanborið við 404,8 m. USD (49.885,4 millj.kr) í lok árs 2020.

Handbært fé í lok júní nam 37,4 m. USD (4.606,7 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 36,9 m. USD (4.547,1 millj. kr).

Nánar á [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu [guðlaugs@landsnet.is](mailto:guðlaugs@landsnet.is)

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengið USD/ISK 123,22

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

	USD		USD	
<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Rekstrartekjur	73.135	63.807	73.367	76.742
Rekstrargjöld	( 44.450)	( 41.830)	( 43.479)	( 47.513)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	28.685	21.977	29.888	29.229
Hrein fjármagnsgjöld	( 8.143)	( 1.663)	( 5.315)	( 9.104)
Áhrif hlutdeildarfélags	41	80	98	67
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	20.583	20.394	24.671	20.192
Tekjuskattur	( 4.112)	( 4.067)	( 4.918)	( 3.959)
<b>Hagnaður</b>	16.471	16.327	19.753	16.233

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2021	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Fastafjármunir	884.723	858.575	799.596	780.553
Veltufjármunir	65.459	52.863	52.711	65.779
<b>Eignir samtals</b>	950.182	911.438	852.307	846.332
Eigið fé	408.371	404.848	391.311	370.303
Langtímaskuldir	474.979	439.828	353.511	429.965
Skammtímaskuldir	66.832	66.762	107.485	46.064
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	950.182	911.438	852.307	846.332

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018
<b>Sjóðstreymi</b>				
Handbært fé frá rekstri	36.902	25.531	37.490	36.896
Fjárfestingahreyfingar	( 44.522)	( 29.284)	( 13.329)	( 20.647)
Fjármögnunarhreyfingar	19.330	15.377	( 18.537)	( 16.960)
Áhrif gengisbreytinga	( 90)	( 1.230)	( 891)	( 713)
Handbært fé í ársbyrjun	25.766	30.973	38.779	49.175
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	37.386	41.367	43.512	47.751

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2021	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018
<b>Helstu kennitölur</b>				
EBITDA	43.719	36.682	44.643	43.777
	<b>30.6.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Eiginfjárhlutfall	43,0%	44,4%	45,9%	43,8%

### Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.